

24. nóvember 2006
SÍ-31126

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 9. nóvember 2006 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um lífeyrissjóði, 233. mál, lágmarksiðgjald og breytingar á samþykktum sjóða.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemd við þann hluta frumvarpsins sem felur í sér hækkun á lágmarksiðgjaldi. Hin breytingin sem í frumvarpinu felst varðar 54. gr. laganna og er henni ætlað að eyða þversögn sem felst í lögnum eins og þau eru nú. Með öðrum orðum er um að ræða tiltekt í því skyni að leysa óvissu eins og segir í athugasemdum við frumvarpið. Þegar 39., 51., og 54. gr. laganna eru lesnar saman virðist sem tilteknum lífeyrissjóðum beri að halda sig innan þeirra marka sem sett eru í 2. mgr. 39 gr. Fari þeir út fyrir þau sé þeim hins vegar óheimilt að breyta samþykktum sínum þar sem slíkt stangist á við ákvæði 54. gr. laganna. Þessum sjóðum sé með öðrum orðum óheimilt að skerða réttindi þrátt fyrir að mismunur eigna og skuldbindinga sé meiri en heimilt er skv. 2. mgr. 39. gr.

Bent skal á að orðalag 54. gr. breyttist í meðförum Alþingis á sínum tíma. Við texta frumvarpsins bættust orðin „eða naut slíkrar ábyrgðar 31. desember 1997“. Á þessu er vakin athygli hér m.a. vegna þess að ekki er ljóst hvað nákvæmlega vakti fyrir löggjafanum á sínum tíma með því að breyta orðalagi 54. gr. Hafi markmiðið verið að tryggja réttindi sjóðfélaga í þeim lífeyrissjóðum sem ákvæði 54. gr. tekur til gegn skerðingu felst í breytingartillögunni nú annað og meira en tiltekt í lagatextanum. Fjármálaráðuneytið hefur túlkað ákvæði laganna svo að lífeyrissjóði sem 54. gr. tekur til sé ekki heimilt að skerða réttindi sjóðfélaga jafnvel þótt ákvæði 39. gr. laganna gefi tilefni til slíks.

Rétt og skylt er að taka fram að lífeyrissjóður starfsmanna Seðlabankans, þ.e. Lífeyrissjóður bankamanna, er einn þeirra sjóða sem 54. gr. laganna tekur til.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri